



Salvör Nordal  
umboðsmaður barna

Dagsetning **14. mars 2025**  
Málsnúmer **MRN25030056**

## Vegna erindis umboðsmanns barna um neyðarvistun barna í Flatahrauni

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 5. mars 2025, og fyrri samskipta umboðsmanns og mennta- og barnamálaráðuneytis um neyðarvistun barna í Flatahrauni.

Eins og ítrekað hefur komið fram af hálfu ráðuneytisins og Barna- og fjölskyldustofu er Flatahraun í Hafnarfirði ekki æskilegt húsnæði fyrir neyðarvistun barna. Tekin var ákvörðun um að nýta húsnæðið vegna mikillar neyðar sem skapaðist þegar hluti húsnæðisins að Stuðlum varð ónothæft vegna bruna. Gera þarf miklar öryggiskröfur til húsnæðis neyðarvistunar barna. Miða þær að því að fyrirbyggja að börn geti með nokkrum hætti valdið sjálfum sér eða öðrum skaða. Fyrir liggur að skortur er á húsnæði sem uppfyllir þessar öryggiskröfur og leiddi skoðun Barna- og fjölskyldustofu og mennta- og barnamálaráðuneytisins til þeirrar niðurstöðu að ekki væri um annað húsnæði að velja.

Frá því að húsnæðið var tekið í notkun hefur verið unnið að því að endurbyggja Stuðla þannig að hægt sé að taka Flatahraun úr notkun. Með öðrum orðum hefur skipulag lagfæringa og endurbyggingar Stuðla tekið mið af því að koma hluta húsnæðisins strax í það ástand að neyðarvistun barna verði alfarið þar. Unnið hefur verið að viðgerðum á Stuðlum og hyllir nú undir að hægt verði að taka í notkun tvö rými sem uppfylla kröfur til neyðarvistunar. Viðgerðum er nærri lokið en óvissa er með nákvæmlega hvenær sérsníðaðar öryggishurðar verða tilbúnar til afhendingar. Vonir standa til þess að það verði á næstu 2-3 vikum. Ekki stendur til að nýta aðstöðuna í Flatahrauni eftir að rýmin tvö á Stuðlum verða tekin í notkun.

Frá því að húsnæðið í Flatahrauni var tekið í notkun hefur verið lögð rík áhersla á að það sé eins lítið notað og mögulegt er. Reynt hefur verið að grípa til ráðstafana til að reyna að mæta þörfum barna á Flatahrauni. Lögð er áhersla á að þau börn sem vistuð eru í Flatahrauni geti að mestu leyti verið í opnum klefa og einnig í opnu rými framan við klefana, með starfsmönnum Stuðla. Fram hjá því verður þó ekki litið að rýmið hefur yfirbragð fangaklefa.

Almennt á ekki að vista börn lengur en einn til tvo sólarhringa í senn í Flatahrauni. Þá á vistun að standa í eins skamman tíma og mögulegt er með hliðsjón af mati hverju sinni. Mennta- og barnamálaráðuneytið vill þó að fram komi að aldrei hafa komið fram upplýsingar frá stjórnvöldum um að starfsleyfi úrræðisins sé bundið við vistun í tvo sólarhringa. Eitt barn hefur verið vistað í sex sólarhringa en samkvæmt upplýsingum frá Barna- og fjölskyldustofu liggur þar að baki ákveðið mat á aðstæðum sem unnið er í samvinnu við og með samþykki viðkomandi barnaverndarþjónustu. Þá er rétt að fram komi að frá 16. febrúar sl. hafa engin börn undir 15 ára aldri verið neyðarvistuð í húsnæði á Flatahrauni.

Hvað varðar það sem kemur fram í bréfi umboðsmanns barna, um erindi foreldra um að notkun úrræðisins hafi í einhverjum tilvikum ekki verið nauðsynleg, liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um slík mál í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Ef rétt reynist er það alvarlegt. Mennta- og

barnamálaráðuneytið getur þó ekki brugðist við nema fyrir liggi upplýsingar um þessi mál. Í þessu sambandi bendir ráðuneytið jafnframt á eftirlitshlutverk Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Mennta- og barnamálaráðuneytið ítrekar að það er yfirlýst stefna stjórnvalda að börn séu ekki vistuð í fangaklefum. Ráðuneytið og stofnanir þess þurfa þó að axla ábyrgð á þeirri stöðu sem upp er komin og tryggja öryggi barna sem þarf að neyðarvista. Á meðan ekkert annað húsnæði er nothæft fyrir neyðarvistun verður húsnæðið í Flatahrauni í notkun. Um leið og því ástandi linnir verður Flatahraun tekið úr notkun. Eins og fjallað hefur verið um hér að framan hafa stjórnvöld gripið til allra tiltækra lausna til að það megi verða sem fyrst.

Ráðuneytið ítrekar jafnframt vilja sinn til að eiga í góðu samstarfi og samtali við umboðsmann barna um réttindi barna í barnaverndarúrræðum og eru fulltrúar ráðuneytisins ávallt reiðubúnir til að funda með umboðsmanni um þessi mál.

F.h. ráðherra  
Erna Kristín Blöndal

F.h. ráðherra  
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir